



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Árborg

2025– 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Greinargerð leikskólastjóra:	3
1 Ytra og innra og mat leikskólans fyrir 2024-2025.....	4
2 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026.....	7
3 Innra mat Bláa- og Rauðalands 2024-2025	9
3.1 Umbótaáætlun 2024-2025 Bláa og Rauðaland Börn fædd 22-21-20	10
4 Innra mat Grænaland 2024-2025	12
4.1 Umbótaáætlun 2024-2025.....	13
5 Innra mat Sérkennslu 2024-2025	15
5.1 Umbótaáætlun 2024-2025.....	16
6 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	18
7 Foreldrasamvinna	19
8 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	20
9 Fylgiskjöl	21





Greinargerð leikskólastjóra:

Leikskólinn Árborg er þriggja deilda leikskóli með 40 börn á aldrinum 16 mánaða – 6 ára. Síðastliðin þrjú ár hefur starfsemin farið fram í húsnaði Selásskóla vegna framkvæmda eftir rakaskemmdir og myglu í upprunalegu húsnaði leikskólans. Þrátt fyrir þessar áskoranir hefur faglegt starf gengið vel, starfsfólk sýnt mikinn sveigjanleika og staðið saman í að halda uppi gæðastarfi við breyttar aðstæður.

Í Árborg er lögð áhersla á málörvun, félagsfærni og útinám, þar sem börn fá tækifæri til að læra í gegnum leik, samvinnu og skapandi verkefni. Starfið byggir á aðalnámskrá leikskóla og menntastefnu Reykjavíkurborgar. Stuðningur starfar reglulega með börnum og starfsfólki, og unnið er markvisst með snemmtæka íhlutun í nánu samstarfi við foreldra og fagteymi. Í leikskólanum starfar samhentur hópur fagfólks, þar á meðal leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, leikskólakennarar, leikskólaliðar og stuðningsaðilar. Starfsandi hefur verið jákvæður og starfshópurinn samheldinn. Starfsfólk hefur tekið virkan þátt í símenntun, meðal annars í jákvæðri hegðunarstjórnun og verkefnum tengdum málörvun og læsi.

Foreldrasamstarf er traust og virkt, með reglulegum fundum og þátttöku í foreldraráði og foreldrafélagi. Aðbúnaður í Selásskóla hefur verið ásættanlegur til bráðabirgða, en uppfyllir ekki öll skilyrði fyrir hefðbundið leikskólastarf. Vonir standa til að flutningur í endurbætt og heilnæmt húsnaði geti átt sér stað á næsta skólaári. Liðið skólaár var fullt af ævintýrum og gleði. Börnin tókust á við alls konar verkefni og var ánægjulegt að horfa á þau eflast og þroskast af þeim. Áhersla næstu missera verður á að efla enn frekar málörvun og sjálfseflingu/félagsfærni, styrkja faglegt teymisstarf og foreldrasamstarf og hlúa að vellíðan barna og starfsfólks. Þrátt fyrir krefjandi aðstæður hefur tekist að viðhalda fagmennsku, leikgleði og stöðugleika í starfi. Leikskólinn Árborg stendur sterkur og einkennist af hlýju, metnaði og framtíðarsýn.

Elín Björk Einarsdóttir, leikskólastjóri.





1 Ytra og innra og mat leikskólans fyrir 2024-2025

Ytra mat er unnið út frá niðurstöðum könnunar *Stofnun ársins 2024* og foreldrakönnun leikskóla 2025. Leikskólinn Árborg var í flokki fyrirtækja með 5 – 24 starfsmenn.

Stofnun ársins 2025

Stofnun ársins 2024. Niðurstöður 3,33	Heildarstig fyrir hvern þátt
Stjórnun	3,07
Starfsandi	3,38
Launakjör	2,77
Vinnuskilyrði	2,37
Sveigjanleiki í starfi	4,29
Sjálfstæði í starfi	3,83
Ímynd stofnunar	3,30
Ánægja og stolt	3,26
Jafnrétti	3,90

Helstu niðurstöður voru ekki jákvæðar fyrir leikskólann sem þýðir að mörg tækifæri eru til umbóta. Svarhlutfallið var mjög lágt eða um 35-49%. Stjórnendur hafa ekki stjórn á öllum þáttum könnunarinnar en ýmsa þætti mætti sannarlega bæta.

Eftirfarandi þætti í starfinu viljum við bæta.

Þættir sem ástæða þykir til að setja í umbætur út frá niðurstöðum Stofnun ársins	Tækifæri til umbóta
Stjórnun	Breytingar á stjórnendateymi leikskólans. Nýlega kom til starfa nýr leikskólastjóri og felast í þeirri breytingu miklir möguleikar til batnaðar.
Starfsanda	Efla og styrkja starfsanda með fjölbreyttu hópefli.





Ímynd stofnunar	Byggja á því jákvæða sem við erum að gera í leikskólanum.
Sjálfstæði starfsmanna í starfi	Hvetja starfsfólk til dáða og deila ábyrgð til starfsmanna.

Skóla-og frístundasvið leggur fyrir foreldrakönnun annað hvert ár og eru þetta helstu niðurstöður úr henni.

Foreldrakönnun 2025

Heildar meðaltal 4.12

Foreldrakönnun	Meðalskor fyrir hvern þátt
Líðan og öryggi	4,30
Upplifun af leikskólastarfinu	4,50
Foreldrasamstarf	3,87
Samskipti og viðmót	4,38
Stuðningur	4,25
Stjórnun og starfsandi	3,86
Stefna og heildar ánægja	3,70

Hvað var metið?	Foreldrakönnun á vegum skóla-og frístundasviðs
Hvernig fór matið fram?	Rafræn könnun með stöðluðum spurningum.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Foreldrar barna í Árborg
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Meðaltal úr niðurstöðum könnunar er 4.12. Flestir þættir komu vel út en munum við þó halda áfram að vinna með alla þættina og bæta þjónustuna .





Umbætur út frá foreldrakönnun 2025

Þættir sem ástæða þykir til að setja í umbætur út frá niðurstöðum foreldrakönnunar	Tækifæri til umbóta eins og fram kemur hér að framan og aftan.
Aðbúnaður í skólanum	Aðbúnaður í Selásskóla er varla viðunandi en við gerum það besta úr aðstæðunum og bíðum spennt eftir að flytja í uppgert húsnæði Árborgar í Hlaðbæ 17.
Viðfangsefni í skólanum	Í skoðun. Kennarar eru í stöðugu endurmati á starfinu í skólanum og munu bæta þennan þátt með meira skapandi starfi og krefjandi verkefnum í takt við getu barnanna.
Að efla frumkvæði og sjálfspróttinn leik	Í áætlun þessa skólaárs.
Stefna og áhersla skólans	Verður sett í foreldrahandbók, tilbúin mars 2026

Innra mat leikskólans

Hvað var metið?	Uppeldi-og menntun barna
Hvernig fór matið fram?	Á deildarstjórafundum
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Stjórnendur
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Að samræma starf barna eftir árgöngum og blanda árgöngum meira saman í skipulögðum stundum. Að innleiða agastefnu. Að endurmeta starfið reglulega yfir hverja önn. Að innleiða þáttinn um sjálfseflingu og félagsfærni úr Menntastefnu Reykjavíkur.





2 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Stjórnun- uppeldis og menntastarf,	Eldri deildir leikskólans með þrjá árganga
Umbótapáttur/matspáttur	Samræma deildarstarf eftir árgöngum
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Deildarstjórar útbúi sameiginlega stundatöflu og ákveði í sameiningu hvernig samstarf milli deilda virki sem best.
Ábyrgð	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2025 og verður út árið.
Hvenær og hvernig á að meta?	Allir þessir þættir eru metnir jafnóðum í daglegu starfi og á deildarstjórafundum. Einnig skráir hver deild fyrir sig mánaðarlega í endurmatsbækling. Að börnin endurmeti í lok skólaárs.
Viðmið um árangur	Að börnin fái aldurstengd verkefni. Að unnið verði þvert á deildir sem einn leikskóli.
Stjórnun- uppeldis og menntastarf,	Allar deildir
Umbótapáttur/matspáttur	Að innleiða agastefnu "Agi veitir öryggiskennd"
Tækifæri til umbóta - Hvaða árangri er stefnt að?	Að samskipti barna og fullorðinna einkennist af virðingu og sanngirni og séu uppbyggileg.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að starfsfólk tileinki sér sömu orðræðuna og nálgist eða bregðist við hegðun barna á sama hátt.





Ábyrgð	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar og starfsfólk deilda.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Agastefnan verður kynnt á starfsdegi í október og að henni lokinni verði hafist handa.
Hvenær og hvernig á að meta?	Á deildarstjóra og deildarfundum.
Viðmið um árangur	Að starfsfólk vinni að sama markmiði og noti sömu orðræðu í samskiptum við börnin.
Stjórnun- uppeldis og menntastarf,	Allar deildir
Umbótapáttur/matspáttur	Sjálfsfelling
Tækifæri til umbóta - Hvaða árangri er stefnt að?	Að innleiða sjálfsfellingu með hliðsjón af Menntastefnu Reykjavíkur.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að efla sjálfstæði og frumkvæði barna. Að börnin öðlist trú á eigin getu.
Ábyrgð	Stjórnendur og starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Kynning á sjálfsfellingu og félagsfærni á starfsdegi í ágúst. Í kjölfarið hefjist vinnan við að efla sjálfstæði/félagsfærni barna.
Hvenær og hvernig á að meta?	Allir þessir þættir eru metnir jafnóðum í daglegu starfi og á deildarstjórafundum.
Viðmið um árangur	Að börnin geri meira sjálf og verði sjálfstæðari.
Stjórnun- uppeldis og menntastarf,	Allar deildir
Umbótapáttur/matspáttur	Endurmat á starfi
Tækifæri til umbóta - Hvaða árangri er stefnt að?	Að innleiða endurmat sem verður framkvæmt í hverjum mánuði.





Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Endurmatsbæklingur útbúinn og starfsfólk skrái saman í hann á deildarfundum hvernig bæta megi starfið. Einnig má skrá í hann það sem vel gengur .
Ábyrgð	Leikskólastjóri og deildarstjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst haust/vetur 2025 og verði út skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta?	Allir þessir þættir eru metnir jafnóðum í daglegu starfi og á deildarstjórafundum.
Viðmið um árangur	Að bæta starfið jafnóðum yfir skólaári

3 Innra mat Bláa- og Rauðalands 2024-2025

Styrkleikar liggja í kraftmikilli málörvun sem lögð var mikil áhersla á í síðustu umbótaáætlun. Börnin eru í skipulögðum málörvunarstundum, eins og t.d. *Lubbastundum* og *Gefðu tíu*. Málörvun fer einnig fram með lestri og söngstundum. Við höfum samverustundir þrisvar á dag þar sem er lesið og sungið. Útbúin hafa verið sönghefti með þeim lögum sem við syngjum og lærum eftir mánuðum. Þulur mánaðarins og að læra rím hefur líka verið unnið með börnunum. Leikskólinn hefur einnig verið með *Bókaorm* þar sem foreldrar eru hvattir til að lesa með börnunum sínum. Tákn með tali er áberandi í leikskólanum, sérstaklega notað við hádegismat þar sem öll börn fá tækifæri til að vera þjónar og læra táknin fyrir mat og eins er TMT notað mikið í fataklefanum. Gefðu tíu gefur okkur tækifæri til að meta það hvar hvert barn er stadd í orðaforða og málskilning. Við höldum áfram að vinna með mikla málörvun því það er svo mikilvægt í svona mikilli fjölmenningu eins og er í Árborg. Starfsfólk er meðvitað um að leggja orð á allar athafnir og nýta hvert tækifæri til málörvunar.

Tækifæri

Tækifæri til aukinnar málörvunar, máltjáningar og málskilnings liggja í því að leggja orð á allar athafnir, nota þau verkfæri sem við höfum, t.d. tákn með tali. Við leggjum okkur fram við að kynna okkur það sem unnið er með í málörvunarhópum og *Lubbastundum*, kynna börnin fyrir málhljóðum og hvernig við notum þau. Við kennum þeim hvernig við teljum atkvæði, skoðum orðasamsetningar og merkingu orða. Í gegnum *Lubbastundir* læra þau að átta sig á sínum eigin bókstaf og hljóðið hans. Mikilvægt er að merkja hluti með nafni og að sjónrænt skipulag sé til staðar. Börnin þurfa að verða sjálfstæðari í daglegum athöfnum og efla þarf sjálfsöryggi þeirra með því að gefa þeim sem flest tækifæri til að verða öruggari og sjálfstæðari í athöfnum daglegs lífs.





3.1 Umbótaáætlun 2024-2025 Bláa og Rauðaland Börn fædd 22-21-20

Deild/aldur barna: Málörvun – Fjölmennning.	
Umbótapáttur/matspáttur	Markvissar málörvunarstundir fyrir fjöltyngd börn. Styðja við framfarir barna sem læra íslensku sem annað mál.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að efla íslensku, máltjáningu og málskilning hjá þeim börnum sem þess þurfa.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Börnin verða tekin í málörvunarstundir í litlum hópum sem og einstaklings. Skráningar verða á þeirra framförum með tilliti til getu hvers og eins.
Ábyrgð	Deildarstjórar og verkefnastjóri fjölmennningar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í september og er allt skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Metið með því að skrá hverja stund niður og starfsfólk upplýsir hvert annað um getu barnanna, hvar þau eru stödd og hvað ætti að leggja áherslu á. Tekið fyrir á deildarfundum 1x í viku.
Sjálfsfelling	
Umbótapáttur/matspáttur	Að börnin fái frjáltsari hendur í þeim aðstæðum sem eiga við hverju sinni, sem hæfir hverjum aldri fyrir sig. T.d. við matarborðið, í fataklefa og salerni.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin verði öruggari og sjálfstæðari í athöfnum daglegs lífs.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Börnin fá að skammta sér sjálf við matarborðið, hvetja þau til að klæða sig sjálf og sýni frumkvæði í vissum aðstæðum.
Ábyrgð	Allt starfsfólk.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt árið.



Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Metið út frá hverju barni fyrir sig og hvar barnið er statt þegar kemur að sjálfshjálpi og hvað ætti helst að leggja áherslu á.
Agastefna	
Umbótapáttur/matspáttur	„Agi veitir öryggiskennd“ Að starfsfólk sé meðvitað um agastefnu leikskólans, um hvað hún snýst, hverjar leiðirnar eru og hverjir frasarnir séu.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að starfsfólk viðhaldi sömu leiðum sem tilgreindar eru í agastefnunni. Að allt starfsfólk bregðist eins við þeim atvikum sem geta komið upp.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Allt starfsfólk notar sömu frasana við börnin og bregðist eins við hegðun þeirra.
Ábyrgð	Allt starfsfólk.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt árið.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Agastefnan er sýnileg inni á öllum deildum og mikilvægt að ræða reglulega hvernig til hefur tekist, hvort sem það sé á deildarfundum eða skipulagsdögum.





4 Innra mat Grænaland 2024-2025

Styrkleikar

Á yngsta deild leggjum við mikla áherslu á sjálfstæði barnanna. Börnin eru hvött til að taka þátt í daglegum verkefnum til dæmis með því að taka þátt í þrífum borða eftir matinn og að hjálpa að keyra vagna í eldhúsið. Við styðjum við þróun bæði fínhyfinga og grófhreyfinga. Einu sinni í viku fara börnin í íþróttasal þar sem þau fá tækifæri til að klifra, leika körfubolta, halda á jafnvægi og taka þátt við ýmiss konar líkamlegri hreyfingu. Þessar stundir styrkja samheldni hópsins og eru góð viðbót við útiveru. Við leggjum líka áherslu á málörvun. Börnin auka orðaforða sinn gegnum daglegt lestrarstarf, borðspil og söng með hreyfingum. *Lubbastundir* og Gefðu tíu eru skipulagðir málörvunarstundir hjá okkur. Starfsfólk talar mikið við börnin og notar mikið tákni með tali *TMT*, lýsir daglegum athöfnum eins og við klæðnaði eða við matarborði. Hvetur þau að endurtaka orðin og setningar. Við leggjum einnig áherslu á félagsfærni, kurteisi og vináttu. Oft syngjum við lög sem tengist því. Við höfðum einnig tekið þátt í *Bókaormi*, þar sem foreldrar eru hvattir til að lesa með börnunum sínum. Við höldum áfram að leggja áherslu á málörvun þar sem hún hefur stórt gildi í fjölmennningarlegu umhverfi Árborgar.

Tækifæri

Við viljum halda áfram við að styrkja sjálfstæði barnanna, sérstaklega í daglegum athöfnum eins og að klæða sig sjálf, ganga frá eftir sér og taka frumkvæði í leik. Einnig ætlum við að þróa málörvun enn meira með markvissum verkefnum og fjölbreyttum aðferðum til að styðja við orðaforða og tjáningu. Við viljum skapa enn fleiri tækifæri til hreyfingar bæði inni og úti, þannig að öll börn fái að æfa grófhreyfingar á fjölbreyttan hátt.





4.1 Umbótaáætlun 2024-2025

Deild/aldur barna	Grænaland aldur
Umbótaþáttur/matsþáttur	<i>Gefðu 10</i> – Virk hlustun. Hér er gefið tíu mínútur með kennara þar sem lögð er áhersla á aukna málörvun. Þessar stundir geta farið fram með spili, leik, lestri osfrv.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að ákveðið starfsfólk sinni þessu betur og gefur sér tíma með þeim börnum sem þurfa sérstaka málörvun.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Skráning á <i>Gefðu 10</i> , að hver starfsmaður sé ábyrgur fyrir því að sinna þessum stundum og skrá þær niður jafnóðum.
Ábyrgð	Deildarstjórar og starfsmenn deilda.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	<i>Gefðu 10</i> er í notkun allt árið.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið með því að skrá hverja stund niður og starfsfólk upplýsir hvert annað um getu barnanna, hvar þau eru stödd og hvað ætti að leggja áherslu á.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið með því að skrá hverja stund niður og starfsfólk upplýsir hvert annað um getu barnanna, hvar þau eru stödd og hvað ætti að leggja áherslu á.
Grænaland árgangur 2023	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Málörvun og Fjölmennning. Markvissar málörvunarstundir fyrir fjöltyngd börn. Styðja við framfarir barna sem læra íslensku sem annað mál.





Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að efla íslensku, máltjáningu og málskilning hjá þeim börnum sem þess þurfa.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Börnin verða tekin í málörvunarstundir í litlum hópum sem og einstaklings. Söngvar, sögur og leikur er notuð til að efla orðaforða og málskilning. Skráningar verða á þeirra framförum með tilliti til getu hvers og eins.
Ábyrgð	Deildarstjórar og verkefnastjóri fjölmenningar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í september og er allt skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta?	Metið með því að skrá hverja stund niður og starfsfólk upplýsir hvert annað um getu barnanna, hvar þau eru stödd og hvað ætti að leggja áherslu á. Tekið fyrir á deildarfundum.
Grænaland árgangur 2023	
Umbótapáttur/matspáttur	Sjálfsbjálþ. Að börnin fá fleiri tækifæri til að æfa sig í daglegum aðstæðum eins og við máltíðir, í fataklefa og á salerni, eftir því sem þau ráða við hverju sinni.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin verði öruggari og sjálfstæðari í athöfnum daglegs lífs.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að börnin fá tækifæri til að taka þátt í daglegum athöfnum eins og í salerni og fataklefa. Starfsfólk styður þau og hvetur til sjálfstæði
Ábyrgð	Allt starfsfólk.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt árið.
Hvenær og hvernig á að meta?	Metið út reglulega frá hverju barni fyrir sig. Starfsfólk fylgist með framförum í sjálfsbjálþ og ákveður hvaða þætti á að leggja sérstaklega áherslu á.



5 Innra mat Sérkennslu 2024-2025

Styrkleikar

Vel gekk að koma á lausnateymum að hausti og vori í leikskólanum og innleiða notkun staðlaðra eyðublaða ætluðum til skráningar á framvindu mála á lausnateymisfundum. Deildarstjórar og stjórnendur eru nú mun meðvitaðri um fyrirkomulagið og geta undirbúið sig vel undir fundina. Sérdeildin hefur nýtt undirbúningstíma starfsmanna til að ræða við sérkennslustjóra og einnig eigum við fasta fundi saman á starfsdögum. Tilraunir til að halda sér deildarfund á pari við deildarfundir annarra deilda gengu illa upp, sökum styttinga starfsmanna og manneklu. Innleiðing einstaklingsnámskráa hefur gengið mjög vel og eru bæði stuðningsaðilar og deildarstjórar mun meðvitaðri um að styðjast við einstaklingsnámsskrána, að miðla til annarra deildarstarfsmanna því sem verið er að vinna með hverju sinni og þannig tryggja að allir séu að vinna í átt að sömu markmiðum. Oft virkar einstaklingsnámskrá mjög stór og yfirpyrmandi en mikilvægt er að spyrja sig reglulega á hverju þarf barnið að halda núna? Þá er styrkleiki að geta séð hvaða markmið úr einstaklingsnámskrá þarf að leggja áherslu á hverju sinni.

Tækifæri

Efla „litla lausnateymi“ leikskólans. Tileinka einn deildarstjórafund í mánuði til að haldainnanhúss lausnateymi til að nýta mannauðinn í húsinu til úrlausnar og endurspeglunar á þeim áskorunum sem hver og ein deild stendur frammi fyrir. Þetta auðveldar okkur að gera íhlutunaráætlanir fyrir börnin með aðkomu allra stjórnenda hússins áður en kemur að stóru lausnateymisfundunum að hausti og vori. Að mestu leiti hefur stuðningur við barn verið í höndum eins stuðningsaðila og svo deildar viðkomandi barns. Tækifæri felast í því að sérdeildin vinni meira sem teymi sem komi að fleiri börnum með stuðning. T.a.m. að tveir stuðningsaðilar sinni ólíkum þörfum barns, þetta gefur bæði barninu tilbreytingu í þjálfunina sem og þjálfunum tækifæri til að kynnast fleiri börnum sem þurfa á stuðningi að halda. Einnig getur verið gott og þarft fyrir bæði stuðningsaðila og börnin að taka pásu hvert frá öðru og þá er mjög gott að aðrir þekki barnið vel og geti gripið inn í þjálfun þess með hliðsjón af einstaklingsáætlun. Þannig myndast meiri heild í teymið. Varðandi einstaklingsnámskrár sem byggðar eru á AEPS fyrirlögn að þá er tækifæri til að stuðningsaðilar geri skammtímanámskrá fyrir hvern mánuð þarf sem unnið er með það sem er mikilvægast fyrir barnið hverju sinni. Það auðveldar stuðningsaðilanum að einbeita sér að færri áttum í einu og halda nákvæmari skráningar



5.1 Umbótaáætlun 2024-2025

Sérkennsla	
Umbótapáttur/matspáttur	Innanhúss lausnateymi – „Litla lausnateymi“
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Stefnt á að koma á innanhúss lausnateymi til að byrja fyrir íhlutanir í málum barna sem munu fara fyrir lausnateymisfund með þjónustumiðstöð. Nýta þannig betur mannauð leikskólans til úrlausnar og sameiginlegrar ígrundunar.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Tileinka einn deildarstjóra fund í mánuði „litla lausnateymi“ þar sem farið er yfir málin.
Ábyrgð	Stjórnendateymið í heild.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Að hausti 2025 hefjast fundir, lýkur að vori 2026.
Hvenær og hvernig á að meta?	Vinnan verður metin um áramót og að vori á deildarstjórufundi af stjórnendateyminu í heild sinni.
Umbótapáttur/matspáttur	Teymisvinna sérkennsludeildar
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Stefnt er að því að fleiri stuðningsaðilar komi að hverju barni og geti þannig aukið fjölbreytni í þjálfun, gripið inn í þegar stuðningsaðilar eru fjarverandi og að meiri heild myndist í sérkennsluteymið. Þannig geta stuðningsaðilar fengið meiri jafningjastuðning í vinnu sinni og lært hver af öðrum og nýtt sína styrkleika með fleiri en einu barni.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Skilgreina þarf í stundatöflu hvaða stuðningur fylgir barni hverju sinni, hvaða markmiðum úr einstaklingsnámskrá hver og einn stuðningsaðili er að vinna að með barninu.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri og stuðningsaðilar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Að hausti 2025 og lýkur að vori 2026.
Umbótapáttur/matspáttur	Einstaklingsnámskrár - skammtímaáætlanir
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Stefnt er að því að draga helstu markmið sem börn með stuðning hafa í sinni einstaklingsnámskrá hverju sinni saman í einfaldari áætlanir, eða svokallaðar skammtímaáætlanir, sem tryggir hnitmiðaðri vinnu, nákvæmari skráningar á framvindu náms og betri yfirsýn yfir vinnuna hverju sinni.



Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Skilgreina þarf hvaða markmið eru mikilvægust fyrir barnið hverju sinni í sameiningu við foreldra, sérkennsluráðgjafa og sérkennsluteymi leikskóla. Ákveða til hve langs tíma skammtímaáætlunin er og hafa endurmat markmiða í lok þess tíma.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri og stuðningsaðilar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Að hausti 2025 og lýkur að vori 2026.
Hvenær og hvernig á að meta?	Vinnan verður metin um áramót og að vori á fundi sérkennsludeildar, líklega á starfsdögum.





Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

Skipulagsdagar á haustönn eru þrír.

Fyrsti starfsdagurinn er í ágúst og verður hann notaður til að undirbúa leikskólann fyrir nýtt skólaár, nýja nemendur og nýtt skipulag fyrir eldri deildir.

Í október er sameiginlegur starfsdagur leikskóla í hverfinu og fyrir hádegi verður starfsmannafundur og deildarvinna. Eftir hádegi koma Magdalena og Emilía frá Miðju máls og læsis og verða með fyrirlestur um Málstefnu í leikskólanum.

Á starfsdegi í nóvember ætlum við að vera með starfsmannafund og fyrirlestur í Saga storyhouse.

Skipulagsdagar á vorönn eru þrír.

Fyrsti skipulagsdagurinn er á degi leikskólans 6.febrúar og förum við á ráðstefnu tengda þeim degi.

Á skipulagsdegi í mars stefnum við á að hópefli og fræðslu fyrir starfsfólkið.

Í byrjun júní verður skipulagsdagur og munum endurmeta vetrarstarfið og skipuleggja komandi skólaár og jafnvel heimsækja leikskóla.

Starfsþróunarsamtöl fara fram á vorönn.

6 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf við grunnskóla í hverfinu er tvíþætt. Við höfum verið í samstarfi við Árbæjarskóla en sá skóli er næst okkur þegar við erum í Hlaðbæ. Elstu börnin hafa farið í skólaheimsókn þangað að vori. Einnig erum við í samstarfi við Selásskóla þar sem við erum staðsett núna og höfum við fengið aðgang að íþróttahúsinu einu sinni í viku og við getum notað frístundaheimilið Víðisel þegar það er ekki í notkun.

Í haust höfum við samstarf við íþróttafélagið Fylkir en það samstarf felst í því að Fylkisstarfsmenn kenna leikskólafótbolta á leikskólatíma. Foreldrar skrá börnin sín í fótboltann en starfsmenn leikskólans fara með börnin í íþróttahús Selásskóla.



7 Foreldrasamvinna

Góð samvinna er á milli leikskólans og foreldra og lögð er áhersla á að leikskólinn og heimilin myndi saman samfélag sem styður börnin í þroska og uppvexti. Virkt foreldrafélag starfar innan leikskólans og stendur fyrir ýmiss konar viðburðum og skemmtunum, meðal annars í kringum jól og vor/sumar.

Foreldrar fá vikuleg fréttabréf með upplýsingum um starfið og það sem framundan er. Foreldraviðtöl eru haldin einu sinni á önn, en við leggjum áherslu á að vera alltaf til staðar fyrir foreldra ef upp koma mál sem þarf að ræða.

Á sumrin, áður en aðlögun hefst, er haldinn kynningarfundur fyrir nýja foreldra. Þá eru nýir foreldrar einnig boðaðir á fund með deildarstjóra. Í upphafi skólaárs er haldinn haustfundur þar sem farið er yfir starfsemi leikskólans og samstarf heimilis og skóla kynnt.

Við höfum einnig tvö samstarfsverkefni milli heimila og skóla. Annað er *bókaormurinn*, þar sem börnin koma með miða að heiman með skráðum bókum sem hafa verið lesnar. Þetta verkefni er einu sinni á önn. Hitt samstarfsverkefnið er í tengslum við Lubbi, finnur málbein en þá fá börnin *Lubba*, hundinn okkar, með sér heim um helgar og halda áfram að læra um máhljóð vikunnar í gegnum leik og samveru.





8 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Á hverju skólaári eru sex skipulagsdagar og þá er leikskólinn lokaður. Þrír af þeim eru sameiginlegir með leik- og grunnskólum í hverfinu.

Eftirfarandi skipulagsdagar eru hjá okkur í Árborg:

- ★ 25.ágúst 2025, mánudagur
- ★ 2.október, fimmtudagur, Sameiginlegur
- ★ 28.nóvember föstudagur, sameiginlegur
- ★ 6.febrúar, föstudagur, sameiginlegur
- ★ 9.mars, mánudagur
- ★ 1.júní mánudagur

Leikskóladagatal 2025-2026

Leikskóladagatal 2025 - 2026

Nafn leikskóla: Árborg

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 M	1 M	1 L	1 M	1 F	1 S	1 S	1 M	1 F	1 M	1 M
2 L	2 H	2 F	2 S	2 H	2 F	2 M	2 M	2 F	2 L	2 H	2 F
3 S	3 M	3 F	3 M	3 M	3 L	3 H	3 H	3 F	3 S	3 M	3 F
4 M	4 F	4 L	4 H	4 F	4 S	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 L
5 H	5 F	5 S	5 M	5 M	5 F	5 M	5 F	5 S	5 H	5 F	5 S
6 M	6 L	6 M	6 F	6 L	6 H	6 F	6 F	6 M	6 M	6 L	6 M
7 F	7 S	7 H	7 F	7 S	7 M	7 L	7 L	7 H	7 F	7 S	7 H
8 F	8 M	8 M	8 L	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M
9 L	9 H	9 F	9 S	9 H	9 F	9 M	9 M	9 F	9 L	9 H	9 F
10 S	10 M	10 F	10 M	10 M	10 L	10 H	10 H	10 F	10 S	10 M	10 F
11 M	11 F	11 L	11 H	11 F	11 S	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 L
12 H	12 S	12 M	12 M	12 F	12 M	12 F	12 F	12 S	12 H	12 S	12 S
13 M	13 L	13 M	13 F	13 L	13 H	13 F	13 F	13 M	13 M	13 L	13 M
14 F	14 S	14 H	14 F	14 S	14 M	14 L	14 L	14 H	14 F	14 S	14 H
15 F	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F	15 S	15 S	15 M	15 F	15 M	15 M
16 L	16 H	16 F	16 S	16 H	16 F	16 M	16 M	16 F	16 L	16 H	16 F
17 S	17 M	17 F	17 M	17 M	17 L	17 H	17 H	17 F	17 S	17 M	17 F
18 M	18 F	18 L	18 H	18 F	18 S	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 L
19 H	19 F	19 S	19 M	19 F	19 M	19 F	19 F	19 S	19 H	19 F	19 S
20 M	20 L	20 M	20 F	20 M	20 H	20 F	20 F	20 M	20 M	20 L	20 M
21 F	21 S	21 H	21 F	21 S	21 M	21 L	21 L	21 H	21 F	21 S	21 H
22 F	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 S	22 S	22 M	22 F	22 M	22 M
23 L	23 H	23 F	23 M	23 H	23 F	23 M	23 M	23 F	23 L	23 H	23 F
24 S	24 M	24 F	24 M	24 M	24 L	24 H	24 H	24 F	24 S	24 M	24 F
25 M	25 F	25 L	25 H	25 F	25 S	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F	25 L
26 H	26 F	26 S	26 M	26 F	26 M	26 F	26 F	26 S	26 H	26 F	26 S
27 M	27 L	27 M	27 F	27 L	27 H	27 F	27 F	27 M	27 M	27 L	27 M
28 F	28 S	28 H	28 F	28 S	28 M	28 L	28 L	28 H	28 F	28 S	28 H
29 F	29 M	29 M	29 L	29 M	29 F	29 S	29 S	29 M	29 F	29 M	29 M
30 L	30 H	30 F	30 S	30 H	30 F	30 M	30 M	30 F	30 L	30 H	30 F
31 S	31 F	31 M	31 L	31 M	31 F	31 H	31 H	31 S	31 M	31 F	31 F

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:
Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skráningardagur í leikskólum eru tíu og gjöld lækkuð vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vistun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldra að viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða lokað samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stofna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.





9 Fylgiskjöl

Leikskóladagatal, umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Reykjavík, 1.nóvember 2025

Elín Björk Einarsdóttir, Leikskólastjóri Árborgar.





Fylgiskjal

Starfsáætlun 2024 – 2025 Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Jóhanna Ýr Hallgrímsdóttir

Karítas Eldeyjar dóttir

Álfrún María Chiarolanzio





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs? Já.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg? Já.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra? Já, það er mikilvægt að halda upplýsingaflæði góðu og stöðugu til að foreldrar geti verið meðvitaðir um starfið sem er í gangi á leikskólanum. Upplýsingaflæði í gegnum Völuna hefur stóraukist eftir að nýr leikskólastjóri tók við, fyrir það hafði það verið ábótavant en þó skiljanlegt þar sem það voru breytingar í stjórnendastarfi á þeim tíma.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina? Engar athugasemdir við þessa starfsáætlun.

Fulltrúar í foreldraráði: Jóhanna, Karítas og Álfrún

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



